

**Nd.**

### **121. Nefndarálit**

um frv. til laga um varnir gegn vörtupest i kartöllum og annari sýkingu nytja-  
jurta.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frv. þetta hefir nefndin athugað gaumgæfilega og orðið sammála um að gera á því nokkrar orðabreytingar og eina efnisbreytingu.

Nefndin telur betur fara og fullnægjandi að nefna aðeins jurtasjúkdóma án þess að skordýr, kvikindi o. fl. sje þar upp talið. Tilætlun nefndarinnar er því, að i orðinu »jurtasjúkdómar« i öllum föllum og beygingum, sem fyrir koma i frv., felist alt, er sjúkdómnum veldur. Orðalag fjöggra fyrstu greina frv. breytist eftir því.

Þegar svo stendur á, að nauðsyn ber til að eyðileggja uppskeru vegna almennrar hættu, sem stafar af sýkingu nytjajurta, virðist sanngjarnt, að eigandi fái hæfilegt verð fyrir og allfallalaust. Það er einnig i samræmi við hliðstæð laga-  
ákvæði, sbr. lög nr. 24, 16. nóv. 1907, 8. gr. Hjer er því farið fram á breytingu á 6. gr. frv.

Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði samþykkt með þessum

## BREYTINGUM:

1. 1. gr. orðist svo:  
Stjórnarráðinu er heimilt að gera þær ráðstafanir, er það álitur nauðsynlegar til að hindra það, að hættulegir jurtasjúkdómar berist til landsins, og sömuleiðis til að hindra útbreiðslu slíkra sjúkdóma, hvar og hvenær, sem þeirra verður vart innanlands.
2. 2. gr. orðist svo:  
Stjórnarráðið ákveður, hvaða sjúkdóma beri að skoða svo hættulega, að varnarráðstafanir skuli gera samkvæmt lögum þessum, og setur reglugerð um þær.
3. 3. gr. orðist svo:  
Stjórnarráðinu er heimilt að skipa einn eða fleiri menn til eftirlits og rannsókna, þar sem hættu getur verið á skaðlegum sjúkdómum fyrir nytjajurtir. Er eftirlitsmönnum heimilt að framkvæma þær rannsóknir eftir þörfum, hvort heldur er í sölubúðum, geymslustöðum, matjurtagörðum eða öðrum gróðurreitum. Þeim er og heimilt að taka nauðsynleg sýnishorn án endurgjalds til rannsókna og gera þær bráðabirgðaráðstafanir, er þeir telja nauðsynlegar.
4. 4. gr. orðist svo:  
Hver sá, sem hefir til eignar eða umráða jurtir eða jurtahluta, er hann hefir ástæðu til að ætla, að geti verið sjúkar eða geti sýkst, t. d. vörtupest í kartöflum, er skyldur að tilkynna það samkvæmt reglugerðarákvæðum, og má hann ekkert flytja burt af þeim hlutum nje af hendi láta fyr en leyfi er til þess fengið.
5. 5. gr. orðist svo:  
Ákveða má í reglugerð, að vottorð um, að kartöflur sjeu heilbrigðar, og lausar við vörtupest sjerstaklega, og umbúðir ósótnæmar, skuli fylgja hverri kartöflusendingu þaðan, sem hætta er á, að skæðir jurtasjúkdómar geti borist til landsins.
6. 1. og 2. málslíður 6. gr. orðist svo:  
Ákveði stjórnarráðið, að uppskeru skuli eyðileggja, fær eigandi hæfilegt verð uppskerunnar greitt úr rikissjóði, eftir mati dómkvaddra manna.  
Kostnaður við varnarráðstafanir samkv. lögum þessum greiðist úr rikissjóði. Eigendum vara, ahalda, garða eða gróðurreita ber þó að láta í tje nauðsynlega vinnu við framkvæmd varnarráðstafana endurgjaldslaust.
7. Fyrirsögnin verði:  
Frv. til laga um varnir gegn vörtupest í kartöflum og sýkingu annara nytjajurta.

Alþingi, 7. mars 1927.

Pjetur Þórðarson,  
form. og frsm.

Árni Jónsson,  
fundaskrifari.

Jörundur Brynjólfsson.

Halldór Stefánsson.

Hákon Kristófersson.